# Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

*Umhverfisstofnun / 19.9.2019 23:41*

## Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flipanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

| | |
|---|---|
| Ábyrgðarmaður umsóknar | Harpa Þrastardóttir |
| Sími ábyrgðarmanns | 7871808 |
| Netfang ábyrgðarmanns | harpa@colas.is |
| Nafn fyrirtækis | Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas |
| Kennitala fyrirtækis | 4201871499 |
| Starfsstöð fyrirtækis | Óseyrabraut 16 |
| Póstnúmer og staður | 220 Hafnarfjörður |
| Sími fyrirtækis | 5652030 |
| Netfang fyrirtækis | harpa@colas.is |
| Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar | Harpa Þrastardóttir |
| Sími tengiliðs | 7871808 |
| Netfang tengiliðs | harpa@colas.is |

## Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Við hjá Hlaðbæ Colas höfum fest kaup á lóðinni að Óseyrabraut 20 og höfum áhuga á að stækka Bikstöðina okkar og byggja núna einn tank til viðbótar fyrir stungubik. Nýji tankurinn yrði 3700 m3 biktankur við hlið þess stóra sem nú þegar er á lóðinni. Ráðgert er að byggja einn tank núna en lóðin er teiknuð núna m.v. mögulega stækkun aftur í framtíðinni um annan tank.
Í dag eru 3 biktanka á lóðinni, þeir eru 1590m3, 2100m3 og 1050 m3 og geyma því samtals þegar mest er 4740m3 af biki. Það er því gert ráð fyrir að hægt verði að geyma allt að 8440 m3 af biki þegar nýr tankur hefur verið byggður. Að auki eru á lóðinni í dag 5 bikþeytutankar sem geyma samtals 140m3 af bikþeytu, einn 100m3 lýsistankur, 5m3 skipagastankur og 5m3 white spirit tankur.

| | |
|---|---|
| Uppdrættir af staðsetningu | 2110157-000-CDR-A001.pdf |
| Afrit af staðfestu deiliskipulagi | sudurhofndeiluskipulag.pdf |
| Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði) | Staðhættir - bikstöð.pdf |

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Geymar og lagnir eru hituð upp með rafmagni. Það sam gildir um allar dælur, lýsingu og annan búnað í olíubirgðastöð.

Þau hráefni sem notuð eru við framleiðsluna eru:
Stungubik notað í malbik, þunnbik, þjálbik og bikþeytu
Saltsýra (hámark 2000 l á lóð í einu) notuð í bikþeytu og geymd í 1000 l körum
Ethylester notað í þjálbikið
TPH viðloðunarefni í þjálbik og þunnbik
Kalsíum klóríð í bikþeytu
White spirit í þunnbik og í litlu magni í bikþeytu.

Að auki eru ýmis hjálparefni notuð í bikþeytu. Það eru ýruefni (en: emulsifiers), svokölluð amínefni, fjölliður og svo frv.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Fráveituvatn frá bikstöðinni, ofanvatn, skólp og vatn frá upphitunarkerfum fer út í fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar. Frárennsli af lóð, fyrst og fremst ofanvatn, fer niður í gegnum niðurföll sem staðsett eru innan lóðar. Ekki er talið að starfsemi bikstöðvarinnar hafi í för með sér losun út í andrúmsloftið né út í jarðveg.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

| | |
|---|---|
| Losunartölur vegna alþjóðasamninga | Losunartölur vegna alþjóðasamninga - Bikstöð Óseyrabraut.xlsx |

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Skipulagsstofnun tilkynnti okkur að það væri Hafnarfjörður sem þyrfti að taka ákvörðun um það hvort framkvæmdin færi í mat á umhverfisáhrifum og mat Hafnarfjörður að þess þyrfti ekki (sjá bréf í viðhengi).

## Áhrif á umhverfið

| | |
|---|---|
| Hver eru áhrif losunar á umhverfið? | Áhrif losunar á umhverfið.pdf |

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Mengunarvarnir uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Veggir í þróm umhverfis asfaltgeyma eru steyptir. Þróarbotn er uppbyggður af vel þjappaðri grús með malarlagi yfir. Regnvatn úr þró verður losað um niðurföll sem tengd verða sand- og olíuskilju. Komið verður fyrir loka við þróarvegg sem eingöngu verður opin undir eftirliti.
Þró umhverfis bikþeytu, íblöndunar og daggeyma er með steyptum hliðum og vökva heldum botni.
Þróin er staðsett við hlið asfaltþróa eins og uppdrættir sýna. Regnvatn úr þrónni er losað um niðurfall sem tengt er sand- og olíuskilju. Loki er á lögninni utan við þróarvegg og er hann eingöngu opinn undir eftirliti. Niðurföll á steyptu afgreiðsluplani og gólfum inni í stöðvarhúsi eru einnig tengd við olíuskilju. Stærð og gerð sand- og olíuskilju er samkvæmt ÍST 858 og “Leiðbeiningum um olíuskiljur”, 3. útgáfu frá UST.

| | |
|---|---|
| Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið? | Mengunarvarnir og eftirlit.pdf |

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Fyrirtækið starfar eftir umhverfisstjórnkerfi vottuðu af ISO 14001 og gæðastjórnkerfi vottuðu af ISO 9001. Fyrirtækið hagar innra eftirliti sínu í samræmi við kröfur kerfanna, framkvæmdar eru reglulegar innri úttektir, ábendingar og kvartanir skráðar og greindar, frávik og óhöpp skráð og unnið að stöðugum umbótum.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Allt stungubik sem til fellur og nýtist ekki til framleiðslu eða afhendingar fer í endurvinnslu með öðru malbiki að Gullhellu 1.
Fljótandi bikbindiefni eins og bikþeyta og önnur hráefni sem hægt er að endurvinna, eru endurunnin að Óseyrarbraut. Þar er vatn eimað frá í sérstökum tanki og bikblandan sem eftir verður nýtt til framleiðslu malbiks.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Allur beinn úrgangur frá framleiðslu er endurunninn innan fyrirtækisins. Annar úrgangur, svo sem plast, pappír, óflokkanlegt sorp og spilliefni fara til viðurkennds móttökuaðila.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Frárennsli er leitt í gegnum viðurkennda olíu- og sandskilju og stærð ákvörðuð útfrá leiðbeiningum. Gerðar eru rannsóknir á fitu- og svifryksmagni árlega og dælt upp eftir þörfum. Reynt er að halda kerfinu í lagi og koma í veg fyrir að mögulegir efnalekar hjá okkur geti endað úti í sjó.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Losun út í umhverfið
(Úr 10. grein reglugerðar 785/1999 msb., e liður: Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og greinagerð um áhrif losunar á umhverfið)

Losun

Fráveituvatn frá olíubirgðastöð, ofanvatn, skólp og vatn frá upphitunarkerfum fer út í fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar. Frárennsli af lóð, fyrst og fremst ofanvatn, fer niður í gegnum niðurföll sem staðsett eru innan lóðar.

Áhrif losunar á umhverfið
Ekki er talið að starfsemi olíubirgðastöðvar hafi í för með sér losun út í andrúmsloftið né út í jarðveg. Um áhrif losunar í sjó er vísað í heimasíðu Hafnafjarðar:
www.hafnarfjordur.is „Hreinsistöðin í Hraunavík var síðan tekin í notkun 2008 og tekur við öllu skólpi frá Hafnarfirði. Hreinsuðu skólpi er dælt um 2 km á haf út og á 23 m dýpi. Um er að ræða fráveitu með eins þrepa hreinsun á skólpi“

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.; „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand%lt;/a>.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið

Frárennsli og olíuskilja
Frárennsli er leitt í gegnum viðurkennda olíu- og sanskilju. Tekin eru sýni úr skiljunni árlega til þess að rannsaka magn svifagna og olíu. Kerfið er hreinsað 1-2 á ári, eða eftir þörfum.
Gæðastjórnunarkerfi
Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas hf er með vottað gæðastjórnunarkerfi vottað samkvæmt ISO 9001 kröfustaðlinum. Það gildir einnig um starfsemi í olíubirgðastöð. Hluti af innra eftirliti bikstöðvar er samkvæmt kröfum fyrrnefnds staðals, innri úttektir framkvæmdar af aðilum innan MHC og  ytri úttektir sem vottunaraðili sér um, Britsh, Standard Instistution, BSI. Allar ábendingar og  kvartanir eru skráðar auk frábrigða.
Umhverfisstjórnunarkerfi
Malbikunarstöðin Hlaðbær – Colas er með vottað umhverfisstjónunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðlinum og hefur verið vottað frá 2017. Vottunin nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins, þar með talið bikstöðina. Fyritækið tekur út umhverfismál sérstaklega og vinnur að stöðugum umbótum á sviði umhverfismála. Öll umhverfisóhöpp eru skráð og unnið að úrbótum samkvæmt verklagsreglum MHC.

## Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Hlaðbær Colas óskar eftir nýju starfsleyfi eða breytingum á núverandi starfsleyfi þannig að stækka megi bikstöðina og bæta við einum 3700m3 biktanki til viðbótar við þeim sem þegar eru á lóðinni og starfræktir samkvæmt núverandi starfleyfi sem gildir annars til 31. desember 2030.

| | |
|---|---|
| Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri | Óskað er eftir því að botnþykktarmælingar biktanka falli út vegna breytinga á lögum um olíubirgðarstöðvar. |
| Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar | Rekstrarstöðvun bikstöð.pdf |
| Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar | Rekstrarstöðvun bikstöð.pdf |

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

| | |
|---|---|
| Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004 | tryggingarskírteini MHC 2019.pdf |
| Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda | Áhættumat f. UST 2019.pdf |
| Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda | ViTHbragTHsaaetlun ? BraTHamengun hafs og stranda og almennir efnalekar.pdf |

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

| |
|---|
| Viðbótargögn |
| Viðbótargögn |
| Yfirlýsing |